

HARALDUR ÓLAFSSON, SKIPSTJÓRI:

Endurminning frá styrjaldarárunum

Marga viðburði mætti skrá og setja á prent um eitt og annað, er fyrir augun bar á styrjaldarárunum 1939---1945, en því miður er margt þeirrar tegundar, að helzt ætti það að gleymast. Þó má segja, að sum þessi atvik geti verið lærdómsrík fyrir komandi kynslóð.

Viðburður sá, sem hér verður frá sagt, skeði árið 1941. Skip Eimskipafélags Íslands sigldu þá flestöll til Ameríku, þar á meðal e. s. Selfoss. Var ég 1. stýrimaður á honum, en skipstjóri Ásgeir Jónasson frá Hrauntúni. Var skipið í nokkurn veginn reglubundnum ferðum til Kanada, og var einkum siglt til tveggja smábæja á vesturströnd Nova Scotia. Liggja þessir bæir við fljót eða ár. Við mynni fljótanna standa sögunarmyllur. Skógarhögg er mikið í Kanada og viðarframleiðsla stórfelld, bæði til húsagerðar og pappírsmánaða. Höggva Kanadamenn trén á veturna og láta í kesti til þurrkunar. Margir Íslendingar urðu loðnir um lófana á stríðsárunum og byggðu fagrar villur. Þurfti til þess mikið timbur, og kom það frá þessum stöðum. Var það hlutverk Selfoss í hér um bil hálf tveggja ár að flytja nær eingöngu þetta timbur. Lítið höfðum við að flytja til Ameríku í staðinn, urðum þess vegna að taka kjölfestu (barlest), því ógerningur var að sigla án þess. Fleiri skip þurftu kjölfestu á þessum árum. Reis því upp ný atvinnugrein hér í Reykjavík. Valdimar Þórðarson á Kirkjusandi sá um útflutning þennan. Keypti hann stóra spildu af Grafarholts-landareign, amerískar skurðgröfur og önnur stórvirk verkfæri, rótaði svo í skipin íslenzkri mold, sandi, mól og stórgrýti af miklu kappi og dugnaði. Mun þetta hafa verið okkar aðalútflutningur til Ameríku á þessum árum, ásamt íslenzku kvenfólki.

Hinn 28. maí 1941 lögðum við af stað frá Reykjavík í eina af þessum ferðum. Fórum við einkisipa, því Ameríkumenn voru þá ekki búnir að fyrirskipa hópsiglingar (conwoy) íslenzkra skipa. Það gerðist nokkrum mánuðum síðar. Ferðin gekk vel yfir hafið, og komum við til Louisburg, sem er lítill kolabær, er stendur á

eyjunni Cap Breton, austast á Nova Scotia. Voru þar vanalega tekin brennslukol á útleið. Hafði ferðin tekið rúmlega hálfan níunda sól- arhring. Er þangað kom, barst skipstjóra símskeyti frá umboðsmanni, að nú ættum við að lesta á öðrum stað en áður, er hétu Bass River, inni í Fundyflóa, en svo heitir flói sá, sem skilur Nova Scotia að mestu leyti frá meginlandinu. Var þetta hvorki meira né minna en 450 sjómílna lengri sigling en verið hafði. Við þessu var ekkert að segja. Lögðum við af stað eftir 5 tíma dvöl í Louisburg áleiðis til Bass River. Hugðum við gott til að kanna ókunna stigu og kynnast nýju fólki. Veðrið var fagurt, stillilogn, og Selfoss litli seig áfram með þeirri varkárni, sem hann hafði fengið í vöggugjöf. Umboðsmaður okkar sagði skipstjóra hvar lóðs væri að fá í Bay of Fundy, en sérkort af þessari siglingaleið höfðu reynzt ófáanleg í Louisburg, svo að við urðum að notast við siglingakort, sem bæði eru í smáum mælikvarða og ekki eins nákvæm. Er við komum að Cap Sable, sem er vestasti oddinn á Nova Scotia, beygðum við inn á Bay of Fundy. Veður var fagurt og var nú byrjað að losa kjölfestu. Unnu við það allir, sem missast máttu frá venjulegum störfum til að halda skipinu gangandi, ásamt vélstjórum og stýrimönnum, sem ekki voru á vakt. Þó var gerð undantekning að því leyti, að skipstjóri tók að sér stýrimanns „jobbið“ og stýrimaður gerðist rórmaður og lúgumaður á víxl. Var nú hafin herferð á gróður- urmold Íslands og henni varpað fyrir borð af ekki minni áfergju og dugnaði en Valdimar Þórðarson með sínum amerísku taðvélum hafði um borð látið, og sungnir viðeigandi útfararsálmar. Við okkur blasti fegurð náttúrunnar í ríkum mæli, Nova Scotia á hægri hönd, með blómleg tré og fagra búgarða og vel máluð hús. Í fjarska, á vinstri hönd, St. Johns New Brunswick og meginland Kanada, með svipað landslag og álíka fegurð, þótt ekki sæist eins vel. Gamanyrðum og ögrunarorðum var kastað manna á milli og vinnugleði mikil. Allir vildu hafa